



## Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

40. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Borg, miðvikudaginn 04.12.2023 kl 19:00

Fundinn sátu:

Guðrún S. Sigurðardóttir

Ingólfur Jónsson

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Bergur Guðmundsson

Benedikt Gústafson í fjarveru Haraldur Páll Þórsson

Fundargerð ritaði Bergur Guðmundsson

#### 1. Fjallskilaseðill

Misræmi er í auglýstum fjallskilaseðli og reikning vegna fjallskila sem sveitafélagið sendi út. Fjallaskilanevnd hvetur sveitafélagið að leiðrétta reikninga þannig að þeir stemmi við auglýstan fjallskilaseðil.

#### 2. Reikningar fjallskila

Farið yfir reikninga vegna fjallskila. 2 reikninga vantaði og einn reikningur var vitlaust skráður. Guðrúnu falið að afla reikninga sem vantaði og að fá reikninginn sem var vitlaus leiðréttan.

#### 3. Reglur um fjallskil

Fjallaskilanevnd ákvað að setja þyrfti skýrari reglur/vinnuskipulag um smölun og rukkun á þeim til að forðast að upp komi deilumál vegna þeirra.

#### 4. Seinni leit á austurafrétt

Fjallaskilanevnd leggur til að haft verði betra samráð við Laugvetninga í seinni leit á austurafrétt.

#### 5. Smölun fyrir Orkuveituna

Sendu þarf reikning vegna smölunar fyrir Orkuveituna í Hagavík og á Nesjavöllum

Hagavík 6 dagsverk

Nesjavellir 26 dagsverk

## 6. Hlutur Bláskógabyggðar í smölun í Töglum og Þingvöllum

Endurskoða þarf hlut Bláskógabyggðar í smölun í Töglum og Þingvöllum þar sem smölun sérstaklega á Þingvöllum er mannfrek og kostnaðasöm.

Guðrúnu falið að yfirfara málið með sveitastjóra

## 7. Reikningur frá Björk

Farið yfir reikning sem barst frá Björk vegna smölunar á fé sem fór inn fyrir girðingu í landi Bjarkar.

Fjallskilanevnd hafnar reikningnum.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið 21:20

